KVENFÉLAG
GARÐABÆJAR

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 29.09.2022

## Efni: Kvenfélag Garðabæjar sjötíu ára

Erindi þetta er ritað í framhaldi af fundi með bæjarstjóra og fulltrúum Kvenfélags Garðabæjar þann 23. september 2022 í Sveinatungu, sem við undirritaðar þökkum fyrir. Tilefnið er að afmælisnefnd Kvenfélags Garðabæjar undirbýr nú sjötugasta starfsár félagsins, en kvenfélagið var stofnað 8. mars 1953.

Spurningin er á hvern hátt gæti Garðabær heiðrað afmælisbarnið á veglegan hátt, þessu höfum við verið að velta fyrir okkur undanfarið og jafnframt farið yfir sögu félagsins.

Árlega veitir kvenfélagið styrki út til samfélagsins til margvíslegra málefna sem aflast með sjálfboðavinnu félagskvenna aðallega af innkomu kaffisölu á 17. júní og fjáröflunarkvöldi að hausti sem jafnframt er skemmtikvöld.

Á fundinum 23. september var lögð fram hugmynd að Garðabær stofnaði í tilefni stór afmælisins styrktarsjóð Kvenfélags Garðabæjar með veglegu stofnframlagi sem myndi gagnast starfsemi félagsins til framtíðar til úthlutunar styrkja sem yrði viðbót við árlegar fjáraflanir félagskvenna.

Með kveðju

f.h. Kvenfélags Garðabæjar

S. Helena Jónasdóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður afmælisnefndar

Skjal sótt af '0000000' dags: 25.03 2026